

Síldarvinnslan hf - Seyðisfirði
Strandarvegi 1-11
710 Seyðisfjörður

9. febrúar 2026
UOS2501554/A.E.H.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 16. desember 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Síldarvinnslan hf - Seyðisfirði þann 29. september 2025. Þann 4. febrúar 2026 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 2.5 í starfsleyfi. Hráfnisgeymslur skulu vera þéttar. Það flæddu upp úr fitugildru inn á neysluvatnslögn í nærliggjandi íbúðabyggð. Verkferlar voru bættir og búnaði breytt, frávikinu er lokað.
2. Gr. 2.5 í starfsleyfi. Hráfnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökvi frá hráefni tekinn til vinnslu í verksmiðju og meðhöndlað í hreinsibúnaði. Það flæddi upp úr blóðtanki og blóðvatn lak til sjávar. Verkferlar voru bættir og búnaði breytt, frávikinu er lokað.
3. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Í febrúar árið 2024 fóru TVN mælingar þrisvar sinnum yfir heimiluð mörk starfsleyfis sem eru 100 mg/N/100g. Rekstraraðili ætlar að fylgst með þróun TVN í hverri keyrslu og kappkostað að vinna aflan á meðan að hann er sem ferskastur. Einnig verður landað úr skipum í tvennu lagi til að koma í veg fyrir að TVN fari yfir mörk starfsleyfis. Úrbætur verða teknar út í næsta eftirliti.
4. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2023, því var skilað inn 9. september 2024, frávikinu er lokað.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur teymi eftirlits

Ágúst Már Sigurðsson
lögfræðingur teymi eftirlits